

## Leiðarbækur

### **7., 8., 9. og 10. bekkur - enska**

Fyrst skrá nemendur markmið enskunámsins í bókina og gera hana persónulega (myndir/texti/annað skraut).

Skráð er upphaf hvers tíma í leiðarbókina (dagur og dagsetning). Allt skriflegt efni sem tengist tímanum fer einnig inn í bókina. Einu sinni í viku skrifa þau vangaveltur eftir tímann og einnig þegar við vinnum með sérstök verkefni eins og t.d. ljóðagerð eða sögur, myndbönd eða tónlist. Leiðarbókin er tekin til yfirferðar mánaðarlega. Þá er athugað hvort allt efni hafi skilað sér inn í bókina og hugleiðingar nemenda skoðaðar. Uppsetning og frágangur er skoðað sérstaklega. Bókin er nýtt til leiðsagnarmats fyrir nemendur. Kennari skrifar umsögn í hvert skipti sem hann skoðar bókina (auk umsagnar í hvert skipti sem verkefni er skilað) og ræðir við nemandann einu sinni á önn um bókina um það sem búið er og hvað hefur gengið vel.

### **10. bekkur – íslenska**

Í upphafi skrá nemendur markmið námsins í leiðarmöppuna (A-4 mappa með glæru framan á) sína. Síðan skrá þau hvað þeim finnst þau þurfa að leggja mesta áherslu á í vetur. Allt skriflegt efni sem tengist tímanum fer einnig inn í bókina og stefnt er að því að þau skrái alltaf hvernig verkefnið gekk og hvað þau lærðu af því. Leiðarbókin er tekin til yfirferðar tvisvar í mánuði. Þá er athugað hvort allt efni hafi skilað sér inn í bókina og hugleiðingar nemenda skoðaðar. Uppsetning og frágangur er skoðað sérstaklega. Bókin er nýtt til leiðsagnarmats fyrir nemendur. Kennari skrifar umsögn í hvert skipti sem hann skoðar bókina (auk umsagnar í hvert skipti sem verkefni er skilað) og ræðir við nemandann einu sinni í mánuði um það sem búið er, hvernig vinnunni miðar áfram, hvað hefur gengið vel og hvað þarf að bæta. Í lok annar velur nemandi verkefni sem hann vill leggja til grundvallar mati á:

- vinnubrögðum og frágangi
- texta- og ljóðagerð
- stafsetningu
- málfræði
- lesskilningi

Verkefnin mega vera á því formi sem nemandi kys, skrifleg, munnleg, rafræn eða stafræn. Þau skila þeim í þar til gerða A-3 möppu sem nemendur hafa útbúið sér.

Kristín Kolbeinsdóttir

**Dagbók kennara**

Vikan 28. ágúst – 1. september

Ég útskýrði vel fyrir nemendum hvernig þau ættu að nota leiðarmöppuna sína. Þau skráðu hjá sér markmiðin í íslensku 10. bekkjar og settu í möppuna. Síðan skráðu þau hjá sér hvað þau héldu að þau þyrftu að læra í vetur, hvernig við gætum gert námið skemmtilegt og áhugavert og einnig hvernig þeim finnst best að læra. Síðan skiluðu þau mér möppunum og ég las yfir hjá þeim. Í þetta sinn skrifaði ég ekki umsögn, heldur safnaði saman niðurstöðum úr hugmyndum þeirra og ræddi þær í næsta tíma. Þar sem mér fannst fáar hugmyndir koma fram um hvernig hægt væri að gera námið skemmtilegt fórum við í hugstormun um það og þá koma miklu meira frá þeim.

Vikan 4. sept. – 8. sept.

Rómantík – hvaða orð detta okkur í hug? Nemendur tengdu eigin orðaforða við rómantísku stefnuna og síðan voru umræður á eftir. Skráðu hjá sér helstu einkenni stefnunnar á eftir.

Vikan 11.sept. – 15. sept.

Skráðu hjá sér hvernig gekk að flytja ljóð, sem þau völdu sér, munnlega og blaðlaust fyrir bekkinn. Skráning á vikunni, hvernig gekk námið? Er eitthvað sem ég skil ekki af því sem ég var að gera þessa viku? (ekki búið)